

Nd.

244. Nefndarálit

[140. mál]

frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 7 23. mars 1972, l. nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla l. nr. 10 22. mars 1974, II. kafla l. nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla l. nr. 20 5. maí 1976, l. nr. 32 12. maí 1977, l. nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla l. nr. 3 17. febr. 1978, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er eitt af mörgum skattþingarálitum sem ríkisstjórnin ætlar nú að hespa af fyrir jólin Jólaglaðningurinn fyrir atvinnureksturinn er þessi samkv. frumvarpinu: verðstuðulsfyrning, sem fyrri vinstri stjórn lögleiddi árið 1972, er felld brott, 1 300 milljónir þar til ríkissjóðs, flýtifyrning lækkuð úr 30% í 10%, 1 060 millj. þar til ríkissjóðs, tekjuskattur félaga hækkaður úr 53% í 65%, 1 200 milljónir þar til ríkissjóðs, eignaskattur á félög er tvöfaldaður. Samtals eru álagur auknar á atvinnureksturinn um 6 þúsund milljónir króna.

Fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands, sem mættu á fund nefndarinnar, vörðu eindregið við þessari skattheimtu, sem felst í frv., svo og öðrum þeim tekjuöflunarfrumvörpum, sem nú eru til meðferðar á Alþingi.

Skattlagning sem þessi hefur þær afleiðingar, að atvinnuöryggi í framleiðslugreinum verður ekkert, þar sem svo óhófleg skattlagning sem með þessu frumvarpi og öðrum er boðuð leiðir til rekstrarstöðvunar hjá fjölmörgum fyrirtækjum, sem áttu í nægum erfiðleikum fyrir.

Einstaklingar fara ekki varhluta af þessu skattlagningaræði ríkisstjórnarinnar. Eignaskattar eru stórhækkaðir og 50% skattþrep tekið upp, kallað hátekjuskattur, en spurning er hvað verða nefndar hátekjur í framtölum næsta árs.

Allar þessar aðgerðir lama frumkvæði einstaklinga, draga úr vinnuvilja og skerða þar með lífskjörin.

Þetta er stefna Alþýðubandalagsins í framkvæmd, sem ríkisstjórnin hefur gert að sinni stefnu. Að vísu er stefnan dálítið á skjön við stefnu eins stjórnarflokksins fyrir kosningar. En fram hjá óþægindum má sigla með því að samþykkja þetta frumvarp, með fyrirvara, sem í sjálfu sér kostar ekkert, en má flytja talsvert langar ræður um.

Með þessum hætti leggur meiri hlutinn til, fulltrúar stjórnarflokka, að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1978.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.